GAMLI GÆSLÓ

MINNISBLAÐ

VERKNÚMER:	18174007	DAGS.:	8. mars 2023
VERKHLUTI:	Umsagnir um forhönnun		
HÖFUNDUR:	EBK		
RÝNT AF:	ÁKA		
DREIFING:	Ísafjarðarbær		

Ábendingar frá íbúum varðandi forhönnun leiksvæðisins á Gamla gæsló

Unnið er að hönnun leiksvæðis á svæði gamla gæsluvallarins á Sjúkrahústúninu á Ísafirði og er hönnun þess í höndum landslagsarkitektateymis Verkís.

Í nóvember 2022 óskaði Ísafjarðarbær eftir forhönnun leiksvæðis fyrir eldri börn á lóð „Gamla gæsló“, í samræmi við fundargerð hverfisráðs frá 29. ágúst 2018. Á fundi sínum þann 8. desember 2022 fjallaði skipulags- og mannvirkjanefnd um forhönnun leiksvæðisins og lagði til að hún yrði kynnt fyrir hverfisráði. Nefndin fjallaði að nýju um hönnunina á fundi sínum þann 22. desember 2022 og samþykkti að hún yrði kynnt fyrir almenningi, þar sem hverfisráðið væri ekki lengur starfandi.

Forhönnun leikvallarins á „Gamla gæsló“ var kynnt á heimasíðu Ísafjarðarbæjar þann 22. desember 2022. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 20. janúar 2023. Á heimasíðunni var hægt að nálgast teikningu Verkís með forhönnun leiksvæðisins.

Alls bárust ábendingar og athugasemdir frá sex aðilum; fimm frá íbúum og ein frá forstöðumanni Safnahússins á aðliggjandi lóð.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir ábendingar og tillaga að viðbrögðum við þeim.

Verkís hf. | 422 8000 | verkis.is | verkis@verkis.is

Ábending frá	Varðar	Ábending	Viðbrögð
Edda Björg Kristmundsdóttir Forstöðumaður Bókasafnsins Ísafirði	Nýting lóðar	Lóðin „Gamli gæsló“ er í næsta nágrenni Safnahússins, en þar sem gæsló var hafa verið hugmyndir um viðbyggingu við Safnahúsið til að bæta starfsemi safnanna. Í gildandi deiliskipulagi frá 1997 segir að engar nýbyggingar séu leyfðar á lóð Safnahúss eða í næsta nágrenni. Síðan þá hefur gerð breyting á deiliskipulagi, 2018, þegar viðbygging var leyfð við leikskólann Eyrarskjól. Þá var einnig gerð tillaga um að lóðin Túngata 10 væri ætluð fyrir viðbyggingu við Safnahúsið. Hætt var við það vegna athugasemda sem bárust skipulags- og mannvirkjanefnd og sagt að „frekari uppbygging Eyrartúns verði útfærð nánar í aðalskipulagsgerð“ og „auglýstri breytingu fyrir aðrar lóðir innan reits 2 er frestað.“ Nýtt aðalskipulag er ekki enn komið fram en núverandi gilti til 2020.	Rétt er að skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkti (fundur 510, 19. des. 2018) að frekari uppbygging yrði útfærð nánar í aðalskipulagi. Nýtt aðalskipulag er enn í vinnslu en fyrra aðalskipulag heldur gildi þar til nýtt aðalskipulag hefur verið staðfest. Aðalskipulag er stefna sveitarfélagsins hverju sinni. Ísafjarðarbær óskaði eftir því að lóð Gamla gæsló yrði hönnuð sem leiksvæði fyrir eldri börn, í samræmi við fundargerð hverfisráðs frá 29. ágúst 2018. Á fundum 8. og 22. desember 2022 fjallaði skipulags- og mannvirkjanefnd um frumdrög að hönnun gamla gæsluvallarins sem leikssvæðis og að drögin yrðu kynnt fyrir hverfisráði og almenningi. Bæjarstjórn samþykkti fundargerð nefndarinnar. Þar með má segja að bæjarstjórn hafi lagt grunn að stefnu fyrir svæðið, sem nýtist inn í aðalskipulagsgerðina.
Edda Björg Kristmundsdóttir Forstöðumaður Bókasafnsins Ísafirði	Nýting lóðar	Mig langar að minna á þennan möguleika um bætta aðstöðu fyrir Safnahúsið, sem virkilega vantar nútímalegri aðstöðu og bætt aðgengi fyrir almenning.	Stefnu um uppbyggingu á lóðinni var frestað vegna athugasemda við auglýsingu deiliskipulags þess efnis. Óvíst er því hvort sátt myndi skapast um uppbyggingu húss fyrir safnaaðstöðu á lóðinni.
Edda Björg Kristmundsdóttir Forstöðumaður Bókasafnsins Ísafirði	Skjól/vindur	Varðandi leikvöllinn er ánægjulegt að sjá að það verði mögulega frekari leikaðstaða við ærslabelginn hvort sem hún verður svona umfangsmikil eða ekki, og að verði gert skjól þar í kring hvort sem það verður með trjám eða öðru. Gæta þarf að mögulegri snjósöfnun við bílastæðin við Safnahúsið.	Í frumdrögunum er gert ráð fyrir aukinni gróðurnotkun, s.s. limgerði meðfram Túngötu og bílastæðum við Gamla sjúkrahúsið. Einnig er gert ráð fyrir trjárækt á blettinum neðan við Eyrargötu 3, m.a. til að skýla leiksvæðinu fyrir norðaustanáttinni. Limgerðið við bílastæðin mun draga að sér snjó en mesta snjósöfnunin verður hlémeginn miðað við norðaustanáttina. Einnig mun trjárækt á blettinum við Eyrargötu draga til sín snjó en það minnkar líkur á snjósöfnun í kringum limgerðið.
Tinna Arnórsdóttir	Leiktæki	Mér lýst vel á þessar hugmyndir. Ég væri samt alveg til i að sjá kastala með Rennibraut. Svipað og á Sólborg.	Áhersla er lögð á að svæðið bjóði upp á aðra möguleika til leiks en eru á nálægum leiksvæðum, til að auka fjölbreytni leiksvæða í bænum. Gert verður ráð fyrir rennibraut í hallanum sem liggur frá Túngötu.
Sigríður Gísladóttir Túngötu 12, Ísafirði	Nýting lóðar	Ég vil byrja á að lýsa yfir ánægju með þá ákvörðun sveitarfélagsins að fara í uppbyggingu á gamla gæsló, enda hefur ærslabelgurinn slegið rækilega í gegn og brýn þörf að þróa svæðið áfram. Þá er það til fyrirmyndar að leyfa íbúum að koma á framfæri athugasemdum við hönnun svo snemma í hönnunarferlinu.	Kallar ekki á viðbrögð
Sigríður Gísladóttir Túngötu 12, Ísafirði	Sjúkrahústúnið	Í upphafi vil ég þó nefna að ég tel að betur hefði farið á því að hugsa um svæðið í stærra samhengi og skoða hvernig nýta mætti allan þann hluta sjúkrahústúnsins sem liggur með Túngötu sem almenningsgarð hugsaðan fyrir börn og ungmenni. Þetta svæði hefur verið leiksvæði ísfirska barna um áratugi og færi vel á að hugsa til framtíðar um hvernig mætti gera svæðið þannig úr garði að það gæti nýst almenningi á öllum árstíðum, í ýmsum tilgangi, til að mynda í tengslum við viðburði við Gamla sjúkrahúsið eins og 17. júní hátíðarhöld, útileikhús og þess háttar. Svo mætti skipta þeirra framtíðarsýn upp í framkvæmdaráfanga.	Tekið er undir mikilvægi þess að skoða nýtingu Sjúkrahústúnsins í heild. Í þessum áfanga er aðeins litið til lóðar gamla gæsló. Það útilokar ekki að í framhaldinu verði nýting túnsins í heild skoðuð.
Sigríður Gísladóttir Túngötu 12, Ísafirði	Áhrif á nágranna	En nánar um þá hönnunarhugmynd sem liggur fyrir. Ég hef eytt ófáum klukkutímum með mínum börnum á ærslabelgnum og tel mig hafa góða tilfinningu fyrir svæðinu. Sem íbúi í Túngötu 12 og þar af leiðandi næsti nágranni fyrirhugaðs leikvallar er ég efins um staðsetningu aparólu á lóðarmörkum mínum, líkt og það er sýnt á uppdrætti. Hún er höfð þétt upp við garðvegginn og þar sem um er að ræða leiktæki sem er opið allan sólarhringinn, ólíkt ærslabelgnum sem hefur tímastilli, má fastlega gera ráð fyrir að nokkuð ónæði geti hlotist af aparólunni. Öll hljóðdempun á aparólu eða möguleikar til að akmarka og tímastilla notkun hennar væru til bóta en í öllu falli er mikilvægt að beina hljóðlátari notkun svæðisins að lóðamörkum íbúðarhúsa.	Að vandlega athuguðu máli var staðsetning aparólu ákveðin samsíða lóðamörkum Gamla gæsló. Þar er meðal annars horft til öryggis, nýtingar á svæðinu og landhalla. Öryggisþátturinn skiptir afar miklu máli og með þessari staðsetningu er lítil hætta á að hlaupið sé þvert yfir rennslisleið en það er hætta á því ef önnur leiktæki eða annað sem hefur aðdráttarafl er beggja megin við aparóluna. Frá ytri brún á girðingu eru 5,5 metrar í aparóluna, það eru 3,5 metrar frá girðingu í jaðar á öryggissvæðinu og 3,64 metrar í stólpa sem heldur vírnum uppi. Að auki er runnagróður í 1,0 metra fjarlægð frá lóðamörkum milli lóðamarka og aparólu til að auka skjól og næði, bæði fyrir leikvöll og einkalóðir.

Sigríður Gísladóttir Túngötu 12, Ísafirði	Skjól/vindur	Í hönnuninni er ekki tekið nægjanlegt tillit til ríkjandi vindátta, en bæði sem notandi ærslabelgsins og íbúi við Túngötu get ég staðfest að köld norðaustanáttin á það til að magnast verulega á þessu svæði þegar hún smýgur milli húsanna og getur myndast talsverður trekkur á gæslósvæðinu. Því tel ég óheppilegt að staðsetja bekki á þennan hátt, með kalda norðaustanáttina framan á bekkinn: Þarna væri heppilegast að bekkurinn myndi vísa í S-SV, til móts við síðdegissólina, og að skjólrunnarnir myndu skýla fyrir norðaustanáttinni. Það sama má segja um þennan bekk og ekki fæst annað séð en að maður snúi baki að sólu tylli maður sér niður á bekkinn.	Í frumdrögunum er gert ráð fyrir aukinni gróðurnotkun, s.s. limgerði meðfram Túngötu og bílastæðum við Gamla sjúkrahúsið. Einnig er gert ráð fyrir trjárækt á blettinum neðan við Eyrargötu 3, m.a. til að skýla leiksvæðinu fyrir norðaustanáttinni. Búið er að taka tillit til athugasemda og snúa tveimur skjólkrókum betur undan ríkjandi vindi. Annað sjónarmið er síðan að reynt er að staðsetja og snúa bekkjum í fleiri en eina átt þannig að hægt sé að fylgjast með og taka þátt í leik á leiktækjum og svæðinu í heild frá sumum bekkjana en annars staðar sé hægt að setja sól og skjól í fyrsta sæti. Svæðið verður einnig nýtt í ýmsum veðrum og á öllum tímum dags.
Sigríður Gísladóttir Túngötu 12, Ísafirði	Sjúkrahústúnið	Að þessu sögðu skal jákvæð skoðun mín á hugmyndum nýtingu undirstrikuð og ítrekað að ég tel mikilvægt að hugsa um svæðið í stærra samhengi, bæði hvað varðar flatarmál og til lengri tíma. Ég legg til að óskað verði eftir hugmyndum íbúa um nýtingu, til að mynda mætti tengja nýtingu svæðisins meira við þá þjónustu sem Bókasafnið og Listasafnið bjóða, hafa lessvæði, myndastyttugarð eða annað.	Ábendingin verður tekin til skoðunar en hugað var þó að opið væri inn á stétt við Safnahúsið.
Sigurður Jóhann Erlingsson Íbúi að Eyrargötu 3	Lagnir	Undirritaður sem er íbúi og eigandi fasteignar að eyrargötu 3 vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir á svæði sem áður var gæsluvöllur. 1. Kaldavatnslögn fyrir skúr minn við eyrargötu liggur um lóðina og er tengd við vatnslögn sem áður lá í gæsluvallarhús. Lögnin liggur á ca 0.8 m dýpi. Þá liggur einnig drenlögn frá lóðinn í brunn sem er þarná svæðinu og liggur á svipuðum stað og vatnslögnin. Þessar lagnir eru ekki á kortasjá ísafjarðarbæjar.	Tekið til skoðunar við nánari hönnun svæðisins. Lögnin liggur undir aparóluna þar sem lítil sem engin jarðvegsvinna er fyrirhuguð því undirstöður og stólpar eru við enda hennar. Lögnin ætti því ekki að vera í hættu.
Sigurður Jóhann Erlingsson Íbúi að Eyrargötu 3	Áhrif á nágranna	2. Undirritaður óskar eftir því að við hönnun og uppsetningu verði tekið mið að því að ekki verði staðsettir hlutir eða gróður nær eign minni en ca 1 metri. Og á eg þá við um skúrinn og girðingu sem nýlega var reist. Er þetta svo það torveldi ekki eigendum að hugsa um viðhald eignar sinnar, (girðingar og skúrs)	Tekið er mið af ábendingunni og skjólveggur og bekkur færður að horni bílskúrs þannig að staurinn er það eina sem snertir bílskúrinn. Frá girðingu eru 5,5 m í aparóluna, 3,5 m frá girðingu í jaðar á öryggissvæðinu og 3,64 m frá bílskúr í stólpa sem heldur vírnum uppi. Runnagróður er milli lóðamarka og aparólu til að auka skjól og næði, bæði fyrir leikvöll og einkalóðir, hann er í 1,0 m fjarlægð frá girðingu.
Sigurður Jóhann Erlingsson Íbúi að Eyrargötu 3	Áhrif á nágranna	3. Ef því verður komið við þá væri gott ef tekið yrði tillit til þess við staðsetningu hluta/leiktækja að það sem veldur mesta ónæði/hávaða við notkun verði staðsett fjærst íbúðarhúsum.	Það mun alltaf heyrast í börnum að leik. Tæki eru valin með það í huga að þau valdi sem minnstu ónæði. Sem dæmi er ekki aðstaða fyrir körfubolta eða boltamörk, en þannig aðstöðu fylgir gjarnan hávaði sem veldur ónæði.
Gylfi Sigurðsson Túngötu 5 400 Ísafirði	Starfsleyfi	Þar sem hér er um starfsleyfisskyld starfsemi að ræða vildi ég benda á nokkur atriði sem snúa að aðgengi að fyrirhuguðu svæði.	Opin leiksvæði eru starfsleyfisskyld skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Aðalskoðun skal fara fram áður en leiksvæði er aftur tekið í notkun skv. reglugerð nr. 1025/2022. Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar varðandi leikvallatæki í notkun og öryggi leiksvæða. Leiksvæðið er hannað með þetta í huga.
Gylfi Sigurðsson Túngötu 5 400 Ísafirði	Girðing	• Skv. byggingarreglugerð 7.1.6. gr. skal allt svæðið girt af „Leiksvæði skulu afgirt frá umferð“ og í skoðunarhandbók sem er útgefinn af Umhverfisstofnun er talað um að girðing sé ekki lægri en 120 cm frá jörðu.	Í frumdrögunum er gert ráð fyrir girðingu og limgerði við Túngötu til að tryggja öryggi á leiksvæðinu. Girðingin er mögulega ógreinileg á teikningunni, búið að bæta texta inn á teikningu. Við bílastæði Safnahússins er gert ráð fyrir limgerði. Í viðauka II með reglugerð nr. 1025/2022 segir að girðing umhverfis leiksvæði leikskóla skal ekki vera lægri en 120 cm. Engin mörk eru sett á hæð girðingar umhverfis önnur leiksvæði, hvorki í reglugerð eða leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Einungis er kveðið á um að hindra skuli að börn geti hlaupið beint út af leiksvæði þangað sem umferð er. Í skoðunarhandbók fyrir aðalskoðun leiksvæða segir að æskilegt sé að girðing í kringum leiksvæði sé ekki lægri en 120 cm. Þar sem um nokkurn hæðarmun er að milli Túngötu og leiksvæðisins er ekki talin þörf á svo hárri girðingu, auk þess er gert ráð fyrir gróðri innan gróðurgirðingar til afmörkunar á þessum stað.

Gylfi Sigurðsson Túngötu 5 400 Ísafirði	Öryggi	• Í nýrri Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim frá því 30. ágúst sl. er talað um að „Óheimilt er að staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hætta“ leiksvæði þetta er skv. Þessum tillögum hannað undir brekku við Túngötu þar sem bifreiðar geta án fyrirstöðu farið um svæðið og því nauðsynlegt að verja svæðið með traustri girðingu.	Vissulega getur stafað hætta af umferð við Túngötu og á bílastæði við Gamla sjúkrahúsið. Hönnun svæðisins tekur mið af því og leitast er við að lágmarka þá áhættu í samræmi við gildandi lagaramma og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar, s.s. með girðingum og gróðurnotkun á svæði upp við gangstétt framan við bíla.
Gylfi Sigurðsson Túngötu 5 400 Ísafirði	Aðkoma	• Skv. þessum hugmyndum er gert ráð fyrir 2 inngöngum frá Túngötu í 7. gr. Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim segir „Við frágang leiksvæða, aðkomu og umhverfis skal þess gætt, í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar, að öryggi og aðgengi notenda verði sem best tryggt“ ekki er hægt að sjá að öryggi notenda sé tryggt með þessum 2 inngöngum frá Túngötu, beint út á umferðargötuna það sem kyrrstæðar bifreiðar iðulega hindra útsýni.	Tekið er undir að kyrrstæðir bílar við Túngötu hindra sýn og að tryggja verði öryggi við aðkomu á leiksvæðið. Í reglugerð nr. 1025/2022 segir: "Hindra skal að börn geti hlaupið <u>beint</u> út af leiksvæði þangað sem umferð er." Börnin munu alltaf velja stystu leið að leiksvæðinu og því er mikilvægt að miða hönnunina við að öryggi verði tryggt á þeim leiðum sem þau velja. Ólíklegt er að börn úr efri bænum velji að fara um Sjúkarhústúnið til að fara inn á leiksvæðið. Í frumdrögunum er gert ráð fyrir girðingu meðfram Túngötu með tveimur opnunum fyrir aðkomuleiðir að leiksvæðinu. Aðkomuleiðirnar eru hannaðar þannig að börnin geti ekki hlaupið <u>beint</u> út af leiksvæðinu inn á umferðasvæði. Við aðkomu ofan við núverandi trjágróður þarf að krækja fyrir innri girðingu og við norðurmörk ofan við aparólu er gangstéttin breiðari og því meira pláss fyrir gangandi.
Gylfi Sigurðsson Túngötu 5 400 Ísafirði	Lagarammi	Að auki í sömu grein er sérstaklega getið um að „Hindra skal að börn geti hlaupið beint út af leiksvæði þangað sem umferð er“ og telur undirritaður að þessi inngangar við Túngötu samræmist ekki neinum lögum eða reglugerðum hvorki Byggingarreglugerð, Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða eða skoðunarhandbók Umhverfisstofnunar.	Um hönnun leiksvæða gildir reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 1025/2022. Einnig hefur Umhverfisstofnun gefið út leiðavísinn ÖRYGGISVÍSIR LEIKSVÆÐA sem einkum er ætlað að gefa heildarsýn yfir öryggismál leiksvæða, leikvallatækja og gerð undirlags þeirra en það er afar mikilvægt atriði til að fyrirbyggja slys. Staðalröðin ÍST EN 1176 og 1177 skilgreinir almennar öryggiskröfur fyrir leikvallatæki og öryggisundirlag. Opin leiksvæði eru starfsleyfisskyld skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Leiksvæðið er hannað í samræmi við ofangreindan lagaramma og staðla. Aðalskoðun skal fara fram áður en leiksvæði er aftur tekið í notkun skv. reglugerð nr. 1025/2022. Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar varðandi leikvallatæki í notkun og öryggi leiksvæða.
Gylfi Sigurðsson Túngötu 5 400 Ísafirði	Aðkoma	• Undirritaður vill benda á að hanna svæði með það í huga að aðgengi sé frá bílastæðinu við Safnahúsið eða af göngustíg sem liggur að Safnahúsi, ekki af umferðargötum eins og Hafnastræti eða Túngötu.	Hönnunin gerir ráð fyrir aðkomuleiðum frá Túngötu, Eyrargötu og Sjúkrahústúninu.
Gylfi Sigurðsson Túngötu 5 400 Ísafirði	Skjól/vindur	• Eins vill undirritaður benda á að fjölga ætti þeim trjám sem eiga að mynda skjól og skoða staðsetningu þeirra betur til tilliti til hljóðvistar. Eðlilegast væri að gróðursetja hávaxin tré a.m.k. við norður og vestur hlið svæðisins sem snýr að Eyrargötu og Túngötu.	Í frumdrögunum er gert ráð fyrir aukinni gróðurnotkun, s.s. limgerði meðfram Túngötu og bílastæðum við Gamla sjúkrahúsið. Einnig er gert ráð fyrir trjárækt á blettinum neðan við Eyrargötu 3, m.a. til að skýla leiksvæðinu fyrir norðaustanáttinni. Til þess að gróður bæti hljóðvist þarf talsvert breitt belti. Gróður breytir því þó að fólk upplifir meira næði og trjágróður og runnar eru víða á svæðinu, bæði við jaðra þess og innan.
Justin	Leiktæki	There needs to be a Frisbee golf corse there.	Frisbee golf hentar ekki vel á leiksvæðið en gæti vel komið til greina annars staðar á Sjúkrahústúninu.

Fríða Ástdís Steingrímsdóttir	Nýting lóðar	Mér líst mjög vel á hugmyndina með að gera leikvöll þar sem gamli gæsló var. En mér finnst aldurshópurinn sem hann á að höfða til skv. forhönnuninni mjög einhæfur og takmarkaður. Afhverju ekki að reyna að höfða til breiðari aldurshóps? Bæði yngri og eldri barna, en ekki bara þeirra eldri. Ég væri til dæmis til í að sjá rólu þarna sem yngri börn geta notað, og jafnvel ungbarnarólu. Sýnist rólan á myndinni (í forhönnuninni, græna apparatið efst í græna horninu) vera frekar flókin og skrýtin. Hentug rennibraut, jafnvel klifurkastali með rennibraut væri líka sniðug viðbót við leikvöllinn. Bendi á að leikskólabörn bæjarins fara oft á ærslabelginn þegar þau eru í útinámi og það mætti vera eitthvað á leikvellinum við hliðiná ærslabelgnum sem höfðar til þeirra.	Ákveðið var að tileinka þetta svæði eldri börnum (sbr. fund hverfisráðs frá 2018), þar sem lítið er af svæðum fyrir þann hóp í bænum. Með því að breikka aldurshópinn á þessu leiksvæði er hætta á að svæðið verði minna spennandi fyrir eldri börnin. En á svæðinu eru þó nokkur tæki sem yngri börn geta notað til viðbótar við ærlsabelginn, t.d. er rennibraut í brekkunni við Túngötu og tvö hengirúm sem allir aldurshópar geta notað. Þar að auki eru nálæg leiksvæði fyrir yngri börn m.a. á Eyrarskjóli. Lögð er áhersla á að leiktækin séu spennandi og ekki eins og á öðrum völlum í bænum. Auk þess er horft til þess að tækin henti til þess að koma saman og "hanga" á, ekki bara leika.
Fríða Ástdís Steingrímsdóttir	Leiktæki	Mig langar líka að benda á að það er aðeins ein ungbarnaróla hérna í bænum, það voru tvær á Skipagöturóló en önnur var eyðilögð svo eftir stendur ein róla sem minnstu börnin í bænum geta notað. Langar líka að hvetja til þess að gerðar verði úrbætur á Skipagöturóló, hann er orðinn illa farinn og það mætti alveg bæta við leiktækjum þangað og lagfæra leiktækin sem eru þar fyrir. Viðhaldi á þeim leikvelli er mjög ábótavant og það mætti huga að því að bæta ástandið á leikvelli sem er nú þegar til staðar áður en farið er í framkvæmdir á nýjum leikvelli.	Tekið er undir hvatningu um að gera úrbætur á Skipagöturóló. Þar færi vel að bæta aðstöðu fyrir yngstu börnin.